# Samspil Borgarlínu og byggðarmynsturs



Skipulagsdagurinn

15. september 2017

# Samgöngu- og þróunarás Borgarlína

*„Samgöngu- og þróunarás er <u>hryggjarstykkið</u> í Höfuðborgarsvæðinu 2040 og verður <u>langtíma verkefni</u> á samstarfsvettvangi sveitarfélaganna í útfærslu og þróun.“*

*„Samgöngu- og þróunarásinn mun <u>tengja sveitarfélögin</u> saman og liggja um kjarna þeirra.“*

*„Við <u>ákvörðun um legu</u> hágæða almenningssamgangna – <u>Borgarlínu – mótast samgöngu- og þróunarás endanlega</u>. Mikilvægt er að uppbygging Borgarlínu verði <u>samhliða þéttingu núverandi byggðar</u> “*







A. Upphafsfasi – stefnumótun og undirbúningur.
Nýtt svæðisskipulag
B. Gróf vinsun – mótun heildarkerfis.
Lega í SSK og ASK eftir atvikum
C. Undirbúningur 1. áfanga.
Fjármögnun
D. Framkvæmdamat og
deiliskipulagsgerð
E. Hönnun og
framkvæmdir
Aðlögun leiðarkerfis Strætó
Uppbygging á þróunarásum


Vöxtur er verðugt viðfangsefni. Til að vel lukkist þarf að samþætta skipulag samgangna og byggðamynsturs. Auknar fjárfestingar í samgöngum fylgja vexti.
70.000

| | | 1985 | 2012 |
| --- | --- | --- | --- |
| +132 % | Dreifing byggðar |  25 km$^2$ |  58 km$^2$ |
| +52 % | Íbúafjöldi | 135.000 | 205.000 |
| -35 % | Íbúar / ha | 54 | 35 |
| +200 % | ÁDU í Ártúnsbrekku | 25.000 | 75.000 |









| | | | |
|---|---|---|---|
| 2040 | 76% → **58 %** | 4% → **12%** | 20% → **30%** |
| 2030 | 64 % | 9% | 27% |

# Ný umferðarspá 2030

## Breyttar ferðavenjur:

Bílaumferð m.v. grunnár (2012)

20 ma. fjárfesting ríkisins
í stofnvegakerfinu

Tafir minnka: 27%

Heildar-akstur eykst: 24%

30 - 40 ma. fjárfesting í almennings-samgöngum með sveitarfélögum

## Óbreyttar ferðavenjur:

Bílaumferð m.v. grunnár (2012)

50 ma. fjárfesting
ríkis í stofnvegakerfi

Tafir aukast: 24%

Heildar-akstur eykst: 42%

100 ma. fjárfesting
ríkis í stofnvegakerfinu

Tafir minnka: 4%

Heildar-akstur eykst: 41%

Óbreytt fjárfesting í almenningssamgöngum






- Uppbyggingu skal beint á þróunarsvæði Borgarlínu.
- Samgöngumiðað skipulag.
- Blöndun íbúðar- og atvinnuhúsnæðis.
- Fjölbreyttur húsnæðiskostur.
- Gæði hins byggða umhverfis.
- Kröfur um bíla- og hjólastæði.

# Stefna um þéttleika byggðar




Fólksfjöldi er forsenda massaflutninga

Aðalskipulag:

- Viðmið um lágmarks svæðisnýtingu
- Tekið tillit til sérkenna

Mismundandi þéttleiki:

1. Landskjarnar og mikilvægar tengistöðvar
2. Svæðiskjarni
3. Stórir miðbæir, bæjarkjarnar
4. Litlir miðbæir, bæjarkjarnar, jaðrar


Hlemmur
Smáralind
Fjörður
Háholt
1,5
1,4
1,3
1,2
1,1
1,0
0,9
0,8
0,7
0,6
0,5
0,4
0,3
0,2
0,1
0



# Samgöngumiðuð byggðaþróun

**2.1.2** Svæðisskipulagsnefnd setur fram samræmdar leiðbeiningar um samgöngumiðaða byggðaþróun sem hafa á til viðmiðunar í miðkjörnum og á völdum svæðum. Þar verða m.a. sett fram viðmið um þéttleika byggðar, aðgengi að almenningssamgöngum og bílastæðafjölda og aðrar aðgerðir sem ýta undir vistvænar samgöngur.



# Gæði hins byggða umhverfis

**5.1.1** Svæðisskipulagsnefnd mótar leiðbeiningar um ákjósanlegar útfærslur byggðarmynsturs sem stuðli að gæðum byggðar og sjálfstæðum hverfiseiningum.

**5.1.4** Við útfærslu markmiðs 5.1 verða sveitarfélög að gæta að verndun byggingararfs og umhverfis. Metið verði hvort fyrirhuguð byggð kalli á húsakönnun og/eða umhverfisgreiningu. Sérstök áhersla verði lögð á vel heppnaðar útfærslur við þéttingu eldri byggðar.

**5.1.6** Skipulagsstofnun aðstoði við mótun leiðbeininga um útfærslur og viðmið sjálfstæðra hverfiseininga.



# HEIMSMARKMIÐIN

Markmið Sameinuðu þjóðanna um sjálfbæra þróun







11.2 Eigi síðar en árið 2030 verði öllum veittur aðgangur að öruggum, aðgengilegum og sjálfbærum flutningakerfum á viðráðanlegu verði og öryggi á vegum bætt, einkum með auknum almenningssamgöngum, þar sem sérstök áhersla verði lögð á þarfir þeirra sem eru í viðkvæmri stöðu, kvenna, barna, fatlaðs fólks og eldra fólks.

# LEIÐARLJÓS

Í landsskipulagsstefnu er eftirfarandi lagt til grundvallar auk markmiða skipulagslaga:

- Að skipulag byggðar og landnotkunar stuðli að sjálfbærri þróun.
- Að skipulag byggðar og landnotkunar sé sveigjanlegt og stuðli að seiglu gagnvart samfélags- og umhverfisbreytingum.
- Að skipulag byggðar og landnotkunar stuðli að lífsgæðum fólks.
- Að skipulag byggðar og landnotkunar styðji samkeppnishæfni landsins alls og einstakra landshluta.

**3.1 Heildstætt búsetumynstur og jafnvægi í byggðaþróun**
Skipulag byggðar og þróun þéttbýlis stuðli að samkeppnishæfni og þoli samfélags í einstökum landshlutum og á landinu í heild

**3.2 Sjálfbært skipulag þéttbýlis**
Skipulag byggðar stuðli að sjálfbærri þróun þéttbýlisstaða með þéttri, samfelldri byggð, endurskipulagningu vannýttra svæða og eflingu nærsamfélags. Uppbygging íbúðar- og atvinnuhúsnæðis verði í samræmi við þarfir samfélagsins á hverjum tíma og til framtíðar

**3.3 Gæði hins byggða umhverfis**
Skipulag byggðar og bæjahönnun stuðli að gæðum í hinu byggða umhverfi og að yfirbragð og mælikvarði nýrrar byggðar falli að bæjarmynd viðkomandi staðar og sögulegri byggð. Jafnframt verði stuðlað að heilnæmu umhverfi sem veiti góð skilyrði til búsetu og möguleika til fjölbreyttrar útiveru

**3.4 Samkeppnishæf samfélög og atvinnulíf**
Skipulag byggðar og landnotkunar stuðli að samkeppnishæfni og eflingu samfélags og atvinnulífs

**3.5 Sjálfbærar samgöngur**
Skipulag byggðar og landnotkunar feli í sér samþætta stefnu um byggð og samgöngur með áherslu á greiðar, öruggar og vistvænar samgöngur og fjölbreytta ferðamáta

# Endurkoma hins sjálfbæra þorps

